

62. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti, þriðjudaginn 1. apríl 2025, kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Hitaveita í sumarhúsahverfi við Grafará - 2011043

Frumkostnaðaráætlun Stoðar ehf fyrir hitaveitu að frístundahúsabyggð frá Gröf að Lækjarhvammi og Skógarhlíð ásamt yfirlitsmynd.
Erindi sumarbústaðaeigenda við Grafará, þar sem óskað er eftir að viðræður um hitaveitutengingu verði teknar upp að nýju.

Áætlun Stoðar ehf var lögð fram. Áætlaður kostnaður miðað við 70 tengingar er 131,4 millj.kr., eða um 1,9 millj.kr. pr tengingu. Kostnaður við dælingu er áætlaður um 450 þús á ári.

Framkvæmda- og veitunefnd felur veitustjóra og sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs að vinna minnisblað fyrir næsta fund um mögulega útfærslu á verkefninu.

2. Orkuöflun Laugarvatni - 2405025

Borskýrsla Ræktunarsambands Flóa og Skeiða, dags. 12.03.2025
Dagskýrslur vegna borverksins.

Borskýrsla var lögð fram ásamt dagskýrslum.

3. Orkuöflun Reykholti (Tungurimi) - 2403015

Borskýrsla Ræktunarsambands Flóa og Skeiða, dags. 12.03.2025

Borskýrsla var lögð fram.

4. Virkjun borholu í Reykholti RH 07 - 2501063

Verkefnastjórn vegna virkjunar RH-07 og tenginga við dreifikerfi.

Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs fór yfir stöðu mála.

5. Virkjun borholu á Laugarvatni - 2503035

Verkefnastjórn við virkjun borholu á Laugarvatni og tenginga við dreifikerfi.

Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs fór yfir stöðu mála.

6. Ljósleiðaravæðing Bláskógaveitu - 2503037

Undirbúningur að tengingu veitumannvirkja Bláskógaveitu við ljósleiðara.

Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs og veitustjóri fóru yfir verkefnið. Kostnaðaráætlun er væntanleg og verður lögð fyrir næsta fund.

7. Hreinsistöð fráveitu Laugarási - 2403039

Leiðbeiningar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 12.03.2025, um greinargerðir með starfsleyfisumsókn vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir hreinsistöð Bláskógabyggðar vegna fráveitu frá Vesturbyggð, Holtagötu og baðlóni í Laugarási.

Umræða um hreinsistöð í Laugarási vegna ábendinga HSL um stærð hennar.

Lagðar voru fram leiðbeiningar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 12.03.2025. Unnið er að gerð áhrifamats á straumvatnshlotið Hvítá, sem er gert að skilyrði starfsleyfis á grundvelli nýlegra leiðbeininga Umhverfis- og orkustofnunar sem byggja á lögum um stjórn vatnamála frá 2011.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn, í ljósi ábendinga HSL um stærð hreinsistöðvar, að fyrst um sinn verði hreinsistöðin nýtt fyrir starfsemi baðlónsins og beðið verði með aðrar tengingar við hreinistöðina, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir um magn skólps frá starfseminni. Núverandi rotþró verði því ekki aflögð að svo stöddu.

8. Hreinsistöð fráveitu Laugarvatni - 2502028

Leiðbeiningar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 12.03.2025, um greinargerðir með starfsleyfisumsókn vegna umsóknar um endurnýun starfsleyfis fyrir hreinsistöð Bláskógabyggðar vegna fráveitu á Laugarvatni.

Lagðar voru fram leiðbeiningar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 12.03.2025. Unnið er að gerð áhrifamats á stöðuvatnshlotið Laugarvatn, sem er gert að skilyrði starfsleyfis á grundvelli nýlegra leiðbeininga Umhverfis- og orkustofnunar sem byggja á lögum um stjórn vatnamála frá 2011.

9. Hreinsistöð fráveitu Reykholti - 2103034

Leiðbeiningar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 12.03.2025, um greinargerðir með starfsleyfisumsókn vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir hreinsistöð Bláskógabyggðar vegna fráveitu í Reykholti.

Lagðar voru fram leiðbeiningar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 12.03.2025. Unnið er að gerð áhrifamats á grunnvatnshlotið Kerlingarfjöll-Reykholt, sem er gert að skilyrði starfsleyfis á grundvelli nýlegra leiðbeininga Umhverfis- og orkustofnunar sem byggja á lögum um stjórn vatnamála frá 2011.

10. Hönnun fráveitu Laugarvatni - 2006019

Hönnun tenginga fráveitu frá Fontana við fráveitukerfi á Laugarvatni.

Gögn voru lögð fram til kynningar.

11. Svæði fyrir seyrulosun í landi jarðarinnar Hóla - 2503036

Undirbúningur að starfsleyfisumsókn vegna svæðis fyrir dreifingu seyr frá Seyrustöðum innan lands jarðarinnar Hóla á Biskupstungnaafrétti.

Unnið er að gerð áhrifamats á grundvelli nýlegra leiðbeininga Umhverfis- og orkustofnunar sem byggja á lögum um stjórn vatnamála frá 2011 sem er forsenda þess að starfseyni verði veitt fyrir dreifingu seyr á umræddu svæði.

12. Rýmisþörf leikskólans Álfaborgar - 2405033

Aðaluppdrættir og burðarvirkisteikningar, lagna- og loftræsiteikningar, vegna lokunar á innskotum á leikskólanum Álfaborg.

Teikningar voru lagðar fram. Sviðsstjóri gerði grein fyrir áætlun um vinnslu verksins.

13. Raflögn að Fremstaveri - 2503031

14. Endurbætur á gatnamótum Skálholtsveggar og Holtsgötu - 2503034

Útfærsla á endurbótum á gatnamótum Skálholtsveggar og Holtsgötu

Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs fór yfir verkefnið sem snýr að endurbótum á gatnamótunum. Unnið verður að því í sumar.

15. Úttekt á slökkvivatni vatnsveitna - 2503029

Erindi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), dags. 19.03.2025, um samstarf brunavarnasviðs HMS, Félag slökkviliðsstjóra á Íslandi (FSÍ) ásamt Fagráði vatnsveitna SAMORKU, samtaka orku- og veitufyrirtækja á Íslandi um samræmda úttekt á slökkvivatni vatnsveitna á Íslandi.

Bréf HMS var lagt fram. Bréfið inniheldur beiðni um samstarf, forskráð verklag sem áður nefndur samráðshópur hefur komið sér saman um varðandi framkvæmdina sem og spurningarlista varðandi uppbyggingu og áfallaþol veitukerfa.

Einnig er óskað eftir að tilnefndur verði tengiliður fyrir verkefnið.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að taka þátt í verkefninu og tilnefnir Benedikt Skúlason sem tengilið.

16. Hönnun útisvæðis sundlaugar Reykholti - 2301060

Fundargerðir hönnunarfunda:

16. fundur haldinn 11. mars,

17. fundur haldinn 18. mars,

Bygginarleyfisumsókn og yfirferð gagna.

Fundargerðirnar voru lagðar fram.

17. Vaktrými sundlaugar á Laugarvatni - 2503038

Glugga skipt út fyrir hurð á vaktrými. Útfærsla og áhrif á útsýni úr vaktrými.

Umræða varð um málið. Sviðsstjóra er falið að útfæra breytingarnar.

18. Sérstök söfnun úrgangs 2024 - 2412003

Yfirlit, dags. 03.03.2025, yfir greiðslur Úrvinnslusjóðs vegna sérstakrar söfnunar í Bláskógabyggð árið 2024.

Yirlitið var lagt fram.

19. Lóð við Einbúa (Einholt 1) við Laugarvatn - 2304005

Lóðamál við Einbúa (Einholt 1 við Laugarvatn), drenun

Sveitarstjóra er falið að svara erindi lóðarhafa.

20. Undirbúningur og hönnun gatnagerðar í Laugarási - 2503039

Undirbúningur að gatnagerð.

Farið var yfir þau svæði sem skv. deiliskipulagi eru skilgreind fyrir götur í Laugarási.

Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson

Axel Sæland

Ásta Stefánsdóttir

Benedikt Skúlason

Kristófer Arnfjörð Tómasson